

Hafnarfirði, 5. mars 2021

Kæri nemandi og foreldri/forráðamaður

Upplýsingar úr skólastarfi.

Tíminn flýgur áfram og nú skólastarfið á vorönn 2021 um það bil hálfnað. **Miðannarmat verður því birt á INNU í lok dags** og biðjum við nemendur og foreldra/forráðamenn að kynna sér það mjög vel. **Fjarvistayfirlit** verður sent út strax eftir helgi og í framhaldinu munu umsjónarkennarar hafa samband við sína nemendur, ef eitthvað er. Einnig hefst **valvika á mánudaginn**, sjá allar nánari upplýsingar á heimasíðu.

Í kjölfar yfirstandandi jarðhræringa hittist **öryggisnefndin og fór yfir viðbragðsáætlanir skólans**. Í framhaldi af því var ákveðið að halda æfingu á rýmingaráætlun skólans á næstu vikum og verða nemendur látnir vita fyrirfram þegar nær dregur. Mörgum finnst þetta ástand óþægilegt og fyllast jafnvel kvíða og í því samhengi langar mig að benda á myndband sem skólinn létum gera í samstarfi við Sálfræðihúsið í Hafnarfirði um hvað kvíði er og hvert nemendur geta leitað, sjá <https://www.youtube.com/watch?v=3qGCNoBECbM>.

Eins og þið vitið var sett ný reglugerð yfir skólastarf í framhaldsskólum á tímum COVID-19. Hún hafði í raun ekki miklar breytingar í för með sér utan þessar: **Við lögðum niður sóttvarnarhólfín og borðum í matsalnum var fjölgað** enda fjöldatakmarkanir í rými miðaðar við 150 manns. Grímuskyldan verður áfram við lýði sökum þess að við getum ekki tryggt eins meters regluna alls staðar í skólahúsnæðinu og áfram þurfum við að minna á góðar sóttvarnir.

Skólastarfið tók engu að síður við sér í kjölfar breytinganna. Söngkeppni NFF fór fram í Bæjarbíói í gærkvöldi og var hún hin glæsilegasta. **Unnur Elín Sigursteinsdóttir** fór með sigur af hólmi en keppnin var jöfn og hörð og mikil stemning var í húsinu. Morfís-liðið okkar keppir svo í 8-liða úrslitum um helgina og búið er að ákveða frumsýningardag á **Drop out**, nýju leikverki, fimmtudaginn 25. mars. Endilega takið daginn frá, leikfélagið mun auglýsa þetta vel þegar nær dregur.

Útskriftarhópurinn er farinn að huga að búningum fyrir dimmisjón í apríl og útskrift. Hún fer fram **föstudaginn 28. maí, klukkan 14:00**. Það er því óhætt að segja að það sé líf og fjör í Flensborg þessa dagana og þannig viljum við hafa það.

Með vinsemd og virðingu,

Erla S. Ragnarsdóttir, skólameistari Flensborgarskóla